

ÁVARP FORMANNS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur nú starfað í tvö ár og ýtir hér úr vör öðru hefti ársritsins Gáttar. Í þessu hefti er lögð höfuðáhersla á umfjöllun um kennslufræði fullorðinna. FA er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Með stofnun FA fyrir tveimur árum hófu heildarsamtökin í fyrsta sinn formlegt og skipulegt samstarf við menntamálaráðuneytið um fullorðins- og starfsmenntun. Jafnframt hafa heildarsamtökin með stofnun FA einnig í fyrsta sinn komið á öflugri þjónustu við sameiginlegar fræðslustofnanir atvinnulífsins sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Í starfi FA hefur frá upphafi verið lögð rík áhersla á að byggja upp þekkingu og reynslu á sviði kennslufræði fyrir fullorðna og miðla þessari þekkingu áfram til þeirra sem starfa við kennslu fullorðinna á vinnumarkaði. Að baki þessari áherslu liggur sú skýra afstaða samningsaðila að auka og bæta gæði þeirrar kennslu sem fram fer á þeirra vettvangi. Markmiðið hlýtur að vera að byggja upp og þróa aðferðafræði sem hentar fullorðnu fólki og vinnur með okkur í að laða fólk í frekara nám.

Á undanförunum mánuðum hefur verið talsverð umræða innan ASÍ og SA um næstu skref í mótun og þróun fullorðins- og starfsmenntunar á vinnumarkaðinum. Reynt hefur verið að skilgreina hvert við ætluðum að stefna með stofnun FA og hvar við erum stödd, en miklar breytingar hafa orðið á sviði menntamála, einkum starfsmenntunar, og aðkomu samtaka vinnumarkaðarins að þeim málum á síðustu misserum. Hér nægir að nefna stofnun fræðslusjóða fyrir verkafólk og afgangsfólk, þróun fræðslustofnana sem sinna starfsmenntun, þær breytingar sem gerðar voru á aðkomu ASÍ að menntamáli á árinu 2002, stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og breytingarnar á MFA.

Þótt þessari vinnu sé engan veginn lokið er greinilegt að þrátt fyrir gróskumikið og fjölbreytt starf á þessum vettvangi, þar sem framboð af námi fyrir þá sem minnsta menntun hafa fyrir eykst hratt, er að verða nokkuð ljóst hvar skórin krepur. Flest vandamál snúast um fjár-


mögnun á framkvæmdinni, hvort heldur um er að ræða námskeiðsgjöld eða gjöld fyrir náms- og starfsráðgjöf. Þrátt fyrir samninga um starfs- og endurmenntunarsjóði á vinnumarkaði hafa þeir enga fjárhagslega burði til þess að greiða niður þetta nám þannig að launafólk með lágur eða meðaltekjur sjái sér fært að sækja sér þá menntun sem það þarf.

Hafa verður í huga að hér er um stórt samfélagslegt vandamál að ræða, en yfir 40% af vinnumarkaðinum, eða á bilinu 50-60 þúsund manns, hafa enga viðurkennda framhaldsskólamenntun. Þessi stóri hópur hefur brýna þörf fyrir aukna fræðslu og menntun. Reynslan sýnir okkur einnig, að mæta verður þörfum þessa hóps með auknu framboði af fullorðins- og starfstengdu námi.

Það eru auðvitað mikil vonbrigði að ekki skuli vera gert ráð fyrir neinum framlögum af hálfu stjórnvalda til þessa málaflokks. Ef litið er framhjá óverulegum framlögum til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og sífellt minnkandi framlaga til öldungadeilda framhaldsskólanna leggja íslensk stjórnvöld enga fjármuni til þessa málaflokks. Auðvitað hlýtur það að vekja spurningar um „jafnrétti til náms“ þegar þeir sem lokið hafa stúdentsprófi geta tekið ótakmarkaðan fjölda BA- eða master-gráðna á háskólastigi, niðurgreitt af ríkinu, á meðan lesblindur einstaklingur má sjálfur borga sitt lesblindunámskeið, oftast með aðstoð fræðslusjóðs og/eða stéttarfélags. Menntun eða skortur á menntun er í dag að verða helsta ástæða ójafnaðar í landinu – ójafnaðar sem felst í að tilteknum hópi fólks er meinaður aðgangur að námi og fræðslu af fjárhagslegum ástæðum. Þetta gengur auðvitað ekki!

Gylfi Arnbjörnsson,

formaður stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Gylfi Arnbjörnsson